

LÝÐH3TÓ05

Búið til: Wed, 10 Mar 2021 13:23:37 GMT

Titill

Tómstundafræði

Skammstöfun

LÝÐH3TÓ05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

lýðheilsa

Viðfangsefni

Tómstundafræði

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áfanginn er bóklegur og verklegur. Markmiðið er að gefa nemendum tækifæri til að kynnast þeim möguleikum sem eru í boði innan tómstundastarfsins. Verkleg kennsla fer fram innan félagsmiðstöðvarinnar þar sem nemendur skyggja starfsmenn þar. Nemendur læra einnig fjölbreytta leiki og hópefli sem henta unglingum með það í huga að nemendur geti nýtt sér þann möguleika í kennslu og þjálfun. Í lok áfangans eiga nemendur að vera færir um að skipuleggja, sjá um og stjórna tómstundarstarfi á mismunandi hátt.

Forkröfur

10 ein. á 2. þrepi í íþróttfræði eða félagsgreinum

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi tómstundastarfs fyrir samfélagið
- fjölbreyttu tómstundastarfi
- mikilvægi tómstundastarfs til að efla andlegan og félagslegan þroska
- hinum ýmsu leikjum og mismunandi tegundum hópeflis miðað við að efla tilfinninga- og félagsþroska barna og unglinga

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- afla sér upplýsinga um mismunandi tómstundastarf
- nýta sér og kynna fyrir öðrum mismunandi tómstundastarf
- stýra mismunandi hópum í leik og tómstundastarfi
- undirbúa og útskýra ýmsar útfærslur af leikjum
- greina vandamál og finna lausnir við ýmsar aðstæður
- læra að vinna með unglingum í félagsstarfi þeirra

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- efla leiðtogaþæfni sína og mannleg samskipti

- skipuleggja tómstundastarf með unglingum
- beita grundvallaraðferðum í forvörnum og eineltismálum
- átta sig á mismunandi getu einstaklinga ásamt því að leiðbeina þeim
- taka að sér ýmis verkefni sem snúa að tómstundastarfi eða félagsstarfi hjá skólum og/eða íþróttafélögum
- meta eigin frammistöðu og vinnuframlag sem og annarra á gagnrýninn hátt

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega og skili öllum verkefnum í hverri viku.

Skólar

Fyrirmynd